

HEYRÚLLUPLAST

FLOKKUN TIL ENDURVINNSLU

ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

FLOKKUN Á HEYRÚLLUPLASTI

Íslenska Gámafélagið er viðurkenndur þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun á heyrúlluplasti til endurvinnslu

Árlega eru um 2000 tonn af heyrúlluplasti flutt til landsins. Til að koma í veg fyrir urðun á öllu þessu plasti og auka hlut endurvinnslu leggur Úrvinnslusjóður úrvinnslugjald á plastið, sem fæst endurgreitt þegar því er skilað til orku- eða endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið gerir það að verkum að hægt er að senda plastið til endurvinnslu. Það plast sem Íslenska Gámafélagið safnar er sent til endurvinnslu. Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við hey, net, bönd og aðra aðskotahluti þegar því er safnað því óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu og endar því með almennu sorpi í urðun.

Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig best sé að ganga frá heyrúlluplastinu á einfaldan hátt.



LITAFLOKKUN

Mikilvægt er að halda svörtu plasti aðskildu frá öðrum litum. Svarta filman hefur lægra endurvinnslugildi en aðrir litir og þarf því að fara sér til endurvinnslu. Þrátt fyrir að allir aðrir litir megi fara saman þá er það góð regla að flokka plastið eftir litum ef því verður við komið því það getur aukið endurvinnslumöguleika plastsins.

Góður frágangur og hreinleiki eru forsendur þess að hægt sé að endurvinnna plastið

GÓÐ RÁÐ VIÐ FRÁGANG Á PLASTINU

- Hrista hey og annað lauslegt úr plastinu.
- Taka frá net og baggabönd og setja með almennu sorpi.
- Hafa plastið hreint til að hægt sé að endurvinnna það. Ef plastið er blautt og skítugt er æskilegt að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan til að losa öll aðskotaefni af plastinu.
- Þjappa plastinu saman í viðráðanlegar einingar.
- Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað fyrir starfsmann ÍGF þegar það er sótt. Mikilvægt að velja stað þar sem plastið helst hreint og þurrt.



1. Leggja plastið niður.



2. Setja plast inn í plast.



3. Brjóta plastið saman.



4. Rúlla plastinu upp.



5. Binda saman.



6. Gangna frá plastinu.

Net, bönd eða önnur óhreinindi þarf að flokka frá og skila með almennu sorpi

ENDURVINNSLA Á HEYRÚLLUPLASTI

Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt í flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins þar sem það er pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastafurðum.

Endurvinnsla á plasti kemur í veg fyrir sóun á náttúruauðlindum eins og olú, en í framleiðslu á einu tonni af plasti þarf u.þ.b. tvö tonn af olú. Þá krefst endurvinnsla á plasti einnig minni orku en frumvinnsla þess. Með því að endurvinna heyrúlluplastið er enn fremur komið í veg fyrir að plastið sé urðað eða sleppi út í náttúruna. Niðurbrot plastics tekur hundruði ára og safnast á endanum upp í umhverfinu sem örplast og því er það allra hagur að gengið sé vel frá plastinu svo hægt sé að nýta það sem endurvinnsluhráefni.



Áburðarsekkir

Íslenska Gámafélagið getur einnig tekið við áburðarpokum í sömu ferð og heyrúlluplastið er sótt. Frágangur þarf að vera góður og t.d. má fylla einn áburðarsekk með hreinum áburðarsekkjum og loka fyrir.

Frekari upplýsingar veitir starfsfólk umhverfissviðs Íslenska Gámafélagsins á umhverfissvid@igf.is eða í síma 577-5757.